

Ed.

456. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um sparisjóði (þgskj. 281).

Stjórnin hefir lagt frumvarp til laga um sparisjóði fyrir Alþingi 1913 og svo aftur fyrir þetta þing. Sýnir meðferð þingsins á málinu í fyrra og meðferð háttv. neðri deildar á frumv. þessu, að þótt flestir eða allir þingmenn sjeu sam- mála um að brýn þörf sje á löggjöf um sparisjóði, þá greinir menn mjög á um, hvernig lög þessi eigi að vera.

Neðri deild hefir breytt frumv. stjórnarinnar í mjög verulegum atriðum,

og er það einhuga álit vor nefndarmannanna, að eigi sje rjett að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú er. Hins vegar er tími alt of naumur til þess að athuga þetta vandasama mál, svo sem vera ber, og engin von um, svo sem nú er áliðið þingtímann, að frumvarpið gengi i gegnum neðri deild með þeim breytingum, sem á því kynnu að verða gerðar hjer í deildinni.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deid til að vísa málinu til stjórnarinnar í því trausti, að hún leggi frumv. til laga um sparisjóði að nýju fyrir næsta reglulegt Alþingi, og berum því fram svohljóðandi:

DAGSKRÁ.

Í trausti til þess að stjórnin leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um sparisjóði tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Efri deild Alþingis 11. ágúst 1914.

Eiríkur Briem,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Björn Þorláksson.

Kristinn Danielsson.

Karl Finnbogason.